


STARFSÁÆTLUN FÉLAGSMIÐSTÖÐVARINNAR FÖNIX (SALASKÓLA) 2025-2026



Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	3
Félagsmiðstöðvadaatal	3
Starfið í vetur	3
Hópastarf	4
Barna- og unglingaráð	5
Foreldrasamstarf	6
Aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar (frístundadeild) 2023.....	7
Verkferlar	7
Ytra og innra mat	7
Umbótaáætlun	8
Símenntun	9
Fjöldatölur veturinn 2023-2024	9
Starfsfólk.....	9
Annað sem varðar starfsemina	Error! Bookmark not defined.

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin FöniX er staðsett í Salaskóla að Versölum 5 og þjónustar börn og unglinga í 5. – 10. bekk. Fjöldi barna og unglinga sem félagsmiðstöðin þjónustar er 333. Forstöðukona í FöniX er Tinna Heimisdóttir. Síminn í FöniX er 696-1627 og netfang forstöðukonu er tinnaheimis@kopavogur.is. Aðstoðar forstöðukona er Harpa Rós Guðmundsdóttir, netfangið hennar er harparosg@kopavogur.is.

Á mánudögum klukkan 17:00-18:30 fer fram sértækt hópastarf og klúbbastarf fyrir 8.-10.bekk og svo opnun samkvæmt dagskrá frá 19:30-22:00. Á miðvikudögum er opið fyrir miðstig frá kl. 17:00-18:30. Svo er opnun samkvæmt dagskrá frá 19:30-22:00 fyrir 8.-10.bekk. Einnig er opið annan hvern föstudag frá kl. 19:30-22:45. Mánudaga til fimmtudaga er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir. Opnanir geta raskast vegna funda og fræðslu starfsfólks.

Félagsmiðstöðvadagatal

Sjá neðst í áætlun.

Starfið í vetur

Í 5.-7.bekk er hver árgangur með opnun á miðvikudögum og hina miðvikudagana er opnun fyrir allt miðstigið í einu. Við verðum með afmarkaða dagskrá á öllum árgangaopnunum og af og til verðum við með svokallaðar smiðjur þar sem forsjáraðilar þurfa að skrá mætingu í Abler. Þegar allir árgangar mega mæta erum við líka með ákveðna viðburði en þá er líka í boði að gera allt annað sem FöniX hefur uppá að bjóða. Við búum dagskrána til í samráði við krakkana og reynum eftir bestu getu að höfða til fjöldans og endurtökum vinsælustu viðburðina. Dæmi um viðburði fyrir miðstigið er brjóstsykursgerð, tie dye bolamálun, spilaklúbbur, föndurklúbbur, útivistarklúbbur, ýmsar keppnir og fleira. Við munum leggja áherslu á að vera með viðburði sem efla þau félagslega og kenna þeim samkennd og að setja sig í spor annarra og gerum við það meðal annars með leikjum, spilum og hvernig við tökum á átökum sem kunna að koma upp á milli þeirra. Í maí fær svo 7.bekkur að mæta á kvöldopnanir til þess að kynnst því hvernig það er, en þá er útivistartíminn þeirra til klukkan 22 og því hægt að leyfa þeim að taka þátt í dagskránni okkar.

Í unglingastarfinu munum við leggja áherslu á að vera með stærri viðburði á kvöldin en líka að sinna vel þeim sem mæta á daginn og í frímínútum og hádegishléi. Oft eru það ekki sömu einstaklingar sem mæta á daginn og á kvöldin og því hægt að vinna með enn breiðari hóp unglinga. Við reynum að hafa opið eins mikið og við getum og ef við erum á staðnum þá erum við yfirleitt með opið. Það fer þó auðvitað eftir verkefnum og fundum starfsfólks. Við fáum stundum inn unglinga sem eru að læra eða jafnvel að taka próf á skólatíma og þá í samráði við kennara, við fáum þau til okkar þegar tímar falla niður, í frímínútum, hádegishléi og eftir skóla. Einu sinni í viku reynum við að bjóða sérstaklega uppá heimanámsaðstoð. Sérdeildin nýtir sér það reglulega að koma til okkar til þess að skipta um umhverfi og til þess að unglingarnir þar kynnist betur rýminu okkar og starfsfólki og það hefur reynst mjög vel og við höfum séð mjög góða mætingu hjá þeim hópi til okkar síðastliðin ár. Auk þess eru hópar í skólanum sem nýta rýmið okkar þegar við erum ekki á staðnum sem er mjög mikilvægur hlekkur í góðu samstarfi okkar við skólann. Við munum auk þess sjá um þrjá valáfanga í skólanum sem eru

Survivor fantasy deild, gerð árshátíðar myndbanda og undirbúningur fyrir Stíl, hönnunarkeppni Samfés.

Verkefni sem við höfum sett í gang sem stuðla að læsi eru meðal annars heimanámsaðstoð sem við auglýsum sérstaklega einu sinni í viku en ávallt er hægt að koma til okkar og fá rólegt rými til að sinna heimanámi og fá aðstoð. Við eigum ágætt safn bóka sem við geymum í opinni bókahillu í rýminu okkar og til stendur að vera með bókaklúbb í vetur. Í spilahillunni okkar eru mörg spil sem hvetja til samtals og lesturs og eru þau mikið notuð í öllu okkar starfi. Einnig eru þau með okkur í dagskrárgerð, auglýsingagerð og aðstoða við gerð umsókna ef við á. Í Dungeons&Dragons klúbbstarfi er mikill lestur, bæði leikmanna og stjórnanda, og við eigum fjölda bóka sem stuðst er við í spilinu. Við erum líka að vinna í því með þeim að þýða helstu orð leiksins yfir á íslensku.

Við erum í stöðugum samskiptum við skólann varðandi börn og unglinga og mál sem þarf að taka á ásamt því að ræða um sameiginleg mál og viðburði. Fundir með aðstoðarskólastjóra eru eftir þörfum. Á þriggja vikna fresti eigum við fund með skólastjóra og deildarstjóra unglingastarfs. Reglulega eigum við fundi og samtöl við kennara og annað starfsfólk. Forstöðukona situr nemendaverndarráðsfundi og er í forvarnteymi skólans og aðstoðarforstöðukona Fönix og námsráðgjafi eru saman í teymi um undirbúning barnaþings. Þá situr forstöðukona einnig teymisfundi ákveðinna unglinga sem þroskaþjálfari telur þörf á. Við erum ávallt í samskiptum við skólann þegar kemur að sértæku hópastarfi og skoðum hvaða hópar eða einstaklingar þurfa á slíku starfi að halda.

Viðburðir

Helstu viðburðir ársins eru árshátíð, jólaball, 8.bekkjarkvöld, gistinótt fyrir 10.bekk, kökukeppni, söngkeppni, útivist, heimsóknir, afmælisveisla, karaoke, ÍTK vikan, rafíþróttamót og ýmsar fræðslur. Þetta er ekki tæmandi listi en unglingarnir koma svo að því að skipuleggja fleiri viðburði sem þeim sjálfum dettur í hug. Fjáröflun 10.bekks fyrir útskriftarferð er regluleg yfir árið og í október hefur myndast hefð fyrir því að þau halda hrekkjavökuball fyrir miðstigið og hefur það gefist mjög vel. Jólaball og árshátíð eru unnin í samvinnu með skólanum, en við tökum einnig þátt í öllum helstu viðburðum skólans yfir árið, líkt og fjölgreindarleikunum, kosningaverkefni að vori, árbókakvöldi 10.bekkjara, útskrift 10.bekkjara. Helstu sameiginlegu viðburðir félagsmiðstöðva í Kópavogi eru ÍTK vikan, árgangakvöld, jólaball, rafíþróttamót, nýársball, Getkó, Vika 6, softballmót, skíðaferð, söngkeppni, lokahátíð Félkó og sumar útilega. Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðvanna og Samfés eru meðal annars landsmót, félagsmiðstöðva- og ungmennahúsavikan, rappkeppnin Rímnaflæði, rafíþróttamót, danskeppni, hönnunarkeppnin Stíll, Samfestingurinn og söngkeppnin. Einnig eru starfsmannaviðburðir á borð við starfsdaga, aðalfund og Samfés con.

Hópastarf

Allt okkar starf er opið starf en ef við teljum þörf á að vera með sértækt hópastarf til að ná til þeirra unglinga sem þarfnast félagsleg stuðnings, sporna gegn áhættuhegðun og eða efla ákveðna hæfni þá gerum við það. Slíkt er oftast gert í samstarfi við skólann og forsjáraðila. Við erum í góðum samskiptum við aðila innan skólans sem sér um mál nemenda með annað móðurmál en íslensku sem og nemendur sem eru félagslega einangraðir, sækja sértæka félagsmiðstöð (Hrafninn) eða eru með annars konar vanda. Skólinn vinnur mjög gott starf með þessum nemendum og fær oft aðstoð og ráðleggingar frá starfsfólki Fönix eða aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar að láni. Við erum einnig með opið klúbbastarf í

gangi yfir veturinn en þau þurfa ekki að skrá sig eða skuldbinda sig til að taka þátt heldur er klúbburinn opinn öllum þeim sem hann vilja sækja hverju sinni.

Dungeons & dragons hlutverkaspil hefur notið mikilla vinsælda í Fönið síðustu ár og verður áfram í boði fyrir hópna að fá aðstoð frá starfsfólki og nýta aðstöðuna okkar og efnivið sem til þarf, en við erum sífellt að bæta við okkur búnaði sem þarf til spilunar. Hópurinn sem kemur til okkar að spila finnur oft ekki samleið með öðrum hópum innan skólans og því er mikilvægt að veita þeim rými og aðstoð til að rækta sín áhugamál hjá okkur. Með því erum við að vinna beint með greinar 15 og 31 í Barnasáttmálanum. Við erum einnig með sameiginlegan D&D klúbb í Félkó miðstöðinni sem forstöðukona í Fönið hefur yfirumsjón með og hefur verið vel sóttur síðastliðin ár. Við vinnum einnig að markmiðum þeirra greina með því að halda úti félagsmiðstöðvaráði og leita reglulega til allra unglinganna og fá þeirra skoðanir og hugmyndir að því hvernig starfinu okkar er háttað, þá sér í lagi klúbbum, hópastarfi og dagskrá. Við vinnum einnig markvisst í gegnum starfið okkar að greinum númer 2, 12, 13, 15, 29, 31, 33 og 42. Þannig má segja að starfið okkar sé byggt upp á áðurnefndum greinum Barnasáttmálans þar sem við leitumst við að halda að þeim forvörnum, vera öruggur staður fyrir þau, hafa þau með í ráðum varðandi flest sem við gerum, hlusta á þau og trúa þeim og veita þeim rými til þess að þroskast og eiga heilbrigð samskipti við jafnaldra og starfsfólk. Aðstoðarforstöðukona Fönið er í teymi ásamt starfsfólki skólans að undirbúa Barnaþing Kópavogs sem heyrir beint undir verkefni innleiðingar á heimsmarkmiðunum og barnasáttmálanum.

Við munum leitast við að fara með hópna, klúbba og jafnvel að vera með opnanir í Félkó miðstöðinni þegar húsnaði fyrir hana er komið. Margskonar búnaður er til staðar og viljum við nýta hann eins mikið og við getum, hvort sem það er í opnu starfi eða klúbbastarfi, vali eða öðru. Við auglýsum allar opnanir í Hinsegin Félkó og upplýsum námsráðgjafa, félagsráðgjafa og fleiri innan skólans um þær svo að þau geti bent áhugasömum þangað líka. Við erum í góðum samskiptum við ÍSAT kennara skólans og auglýsum Velkomin opnanir og höfum boðist til þess að senda starfsfólk frá okkur með unglingunum á þær opnanir til þess að hvetja til mætingu.

Sumaropnun félagsmiðstöðvar

Fönið stóð fyrir sumaropnun í félagsmiðstöðinni í sjötta sinn í sumar. Líkt og árið áður var boðið upp á sumarsmiðjur fyrir 10 til 12 ára börn en í ár vorum við með sex smiðjur, einnig héldum við áfram með sértækt hópastarf í 3 vikur í samstarfi við Vinnuskóla Kópavogs ásamt og dag- og kvöldopnunum fyrir unglinga. Sumarsmiðjurnar voru félagsmiðstöðvaæfing, tiedye bolamálun, ítölsk pizzagerð, miðbæjarrattleikur, Smáratívolí og brjóstsýkursgerð. Starf fyrir unglinga var í formi sértæks- og skipulags hópastarfs, vettvangsferða og viðburða. Einn hópur var í sértæka starfinu sem samanstóð af níu stelpum í 9.bekk. Valið var í hópinn í samstarfi við kennara í unglingadeild skólans. Markmið hópanna var að efla þau félagslega, efla vináttutengsl og efla sjálfsmynd ásamt því að bjóða þeim í afþreyingu og skemmtun við þeirra hæfi. Meðal annars var farið í hópefli, Hoppland þar sem hoppað er í sjóinn á Akranesi, Reykjavík Escape, jafningjafræðslu og fleira. Á almennum sumaropnunum var meðal annars farið í kubb, spil, folf, körfubolta, Fönið leikana, útileigu og fleira. Þar gátu börn og unglingar komið saman í öruggu og uppbyggilegu umhverfi, og hver og einn notið sín. Þau sem voru hjá okkur í sértæka hópastarfinu komu inn í gegnum vinnuskólann og fengu greitt fyrir að mæta til okkar.

Barna- og unglingaráð

Í vetur verðum við líkt og áður með virkt unglingaráð sem tekur ákvarðanir um dagskrá, viðburði, böll og þess háttar. Ekki verður kosið í ráðið heldur munu vera haldnir fundir yfir veturinn sem öllum sem

hafa tíma og áhuga býðst að mæta á. Í skólanum er virkt nemendaráð sem fundar reglulega og ræðir málefni unglingastigs ásamt því að fjölbreytt og virkt lýðræðislegt starf fer stað innan skólans í samstarfi við félagsmiðstöðina og á okkar vegum. Má þar nefna barnaþing, ungmennaþing, Okkar skóli og kosningaverkefni að vori.

Einnig munum við halda áfram að hitta börn á miðstigi til þess að fá hugmyndir að dagskrá og viðburðum fyrir þeirra aldurshóp. Hér er samstarf félagsmiðstöðvar og skóla lykilatriði svo að raddir allra barna fái að heyrast.

Félkó ráð

Í Félkó ráði sitja átján unglingar, tveir úr hverri félagsmiðstöð. Félkó ráðið sér um að skipuleggja sameiginlega viðburði og annað starf sem félagsmiðstöðvar Kópavogs standa saman að yfir árið.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fulltrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fulltrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá Molanum, Miðstöð unga fólksins. Bæjarstjórn kýs svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við Ungmennaráð Kópavogs. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ungmennaráð Samfés

Ungmennaráð Samfés er lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára alls staðar að af landinu. Kosningar í Ungmennaráð Samfés fara árlega fram á Landsmóti Samfés. Alls er kosið í 9 kjördæmum, þar sem 18 fulltrúar eru kosnir til tveggja ára og 9 fulltrúar til eins árs. Þannig eru fulltrúar ráðsins 27 talsins. Allir þátttakendur á Landsmóti hafa rétt til að bjóða sig fram í ungmennaráðið, hver fyrir sitt kjördæmi. Tvö ungmenni úr Kópavogi sitja í ráðinu annar er kjörinn til tveggja ára og hinn til eins árs. Tilgangur ungmennaráðs Samfés er að efla þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi og auka jafningjafræðslu. Að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu og hafi tengiliði á landsvísi til þess að ræða málefni sem að hagsmunum ungs fólks. Efla Evrópusamstarf við önnur ungmenni og taka þátt í að skipuleggja viðburði á vegum Samfés. Árið 2024 var unglingur í 10.bekk í Fönn kosin til tveggja ára í ráðið og mun hún því vera í því fram á næsta haust. Í ár vorum við einnig með frambjóðanda sem var kosinn í ráðið og verður því í ungmennaráði Samfés næstu tvö árin.

Foreldrasamstarf

Foreldrar fá tölvupósta á íslensku og ensku þegar við viljum senda út fréttir eða upplýsingar um viðburði ásamt því að senda fréttabréf í byrjun hvers mánaðar. Þeim er einnig boðið að fylgja okkur á Instagram og Facebook þar sem við setjum inn auglýsingar fyrir alla viðburði og ýmsan fróðleik. Einnig reynum við eftir fremsta megni að vera í samskiptum við foreldrafélag og foreldrarölt Salaskóla. Að hausti fáum við líka jafnan að koma inn á námskynningar fyrir foreldra þar sem við fáum að kynna félagsmiðstöðina, starfsemi og starfsfólk. Við hvetjum ávallt foreldra til þess að vera í virkum samskiptum við okkur og segja okkur frá því sem þeim finnst ganga vel og einnig því sem má betur fara. Einnig býðst þeim að senda okkur skilaboð á Abler varðandi viðburði og annað sem tengist félagsmiðstöðinni en dagskrár eru einnig settar þar inn ásamt viðburðum á miðstigi. Foreldrar sem

skipuleggja útskriftarferð 10.bekkiar hvert ár hafa svo verið í samskiptum við okkur reglulega yfir árið í tengslum við fjáröflun.

Aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar (frístundadeild) 2023

- Auka þátttöku einstaklinga og hópa í sértæku hópastarfi í félagsmiðstöðum í öllum grunnskólum í Kópavogi, með það að markmiði að bæta andlega líðan, félagsfærni, sjálfsöryggi og samhygð. Auk þess að gera mælingar til meta árangur af starfi sértæks hópastarfs í félagsmiðstöðvum.
- Auka þátttöku og framkvæma mælingar varðandi þátttöku unglinga með fötlun í starfi félagsmiðstöðva.
- Móta tillögur að breytingum á frístundapjónustu við börn á aldrinum 10-12 ára, í starfi félagsmiðstöðva.
- Efla þátttöku barna og ungmenna með fjölbreyttar þarfir og ólíkan bakgrunn í skipulögðu frístunda- og íþróttastarfi. Sérstök áhersla er á vinnu með börnum með annað móðurmál en íslensku og börnum sem búa við bágar félagslegar aðstæður.

Verkferlar

- Móttaka nýrra starfsmanna
- Verklag þegar grunur vaknar um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna í stofnunum Kópavogsbæjar
- Leiðbeiningar fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva um viðbrögð við óviðeigandi hegðun, neyslu tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna.
- Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva (ferðir, framkvæmd viðburða, útivaktir, samtöl, samskipti við foreldra, skráning slysa og hegðunarfrávika)
- Öryggisgátlisti
- Gátlistar í sértæku hópastarfi
- Handbók um starfið
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)

Ytra og innra mat

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðila, og er það deildarstjóri frístundadeildar sem ákveður hvaða félagsmiðstöð fer í ytra mat ár hvert. Matið byggir á vettvangsheimsóknun, viðtölum við stjórnendur, starfsfólk og unglinga sem félagsmiðstöðina sækja. Markmið matsins er að það sé leiðbeinandi og geti aðstoðað stjórnendur og starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar að vinna að framförum og umbótum, auk þess að hlúa að því sem vel er gert.

Innra starfið er metið út frá eftirfarandi þáttum

Lagðar eru fram kannanir fyrir nemendur í 8.-10.bekk sem sækja starf félagsmiðstöðvarinnar. Annars vegar er um að ræða almenna þjónustukönnun þar sem unglingarnir meta árangur og ánægju með starf félagsmiðstöðva. Markmið könnunar er einnig að ná til unglinga sem standa höllum fæti og meta þann árangur starfsins sem snýr að vinnu með einstaka hópa/einstaklinga í félagsmiðstöðvastarfi.

Niðurstöður frá Rannsókn og greining um hagir og líðan ungs fólks í Kópavogi gefa út skólaskýrslur fyrir hvern skóla. Stjórnendur eru hvattir til að rýna skýrsluna í samvinnu við skóla til að koma betur á auga á þætti sem þarf að styrkja í sínu skólahverfi.

Mætingatölur eru teknar saman fyrir hvern mánuð, og samtal við börnin um félagsmiðstöðvastarfið í gegnum unglingaráð eða félagsmiðstöðvaláfanga.

Umbótaáætlun

Við nýtum bæði kannanir að vori, ábendingar og innra mat til þess að búa til umbótaáætlun fyrir árið.

Tækifæri til umbóta	Leiðir að umbótum	Tímasetnin g aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Aðgerðir metnar
Viðfangsefni sem þarfnast umbóta	Hvaða aðgerð(ir) stuðlar að umbótum	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð á að umbætur komist til framkvæmda	Hvernig á að meta hvort aðgerðir skila umbótum	Hvenær á að meta hvort aðgerðir hafa skilað árangri
Klára að innrétta nýtt rými á efri hæð í samvinnu við skólann	10.bekkur sér um að útfæra rýmið í smiðjum með aðstoð kennara	September 2025 - desember 2025	Forstöðukona, aðstoðar forstöðukona og smiðjukennarar 10.bekkjar	Ef rýmið er tilbúið til notkunar	Desember 2025
Vera í betra samstarfi við nemendaráð Salaskóla	Fá boð á nemendaráðs-fundi og vera til staðar í verkefnum þeirra	September 2025 – desember 2025	Forstöðukona	Eru reglulegir fundir og verkefni farin í gang	Desember 2025
Ná 10.bekk betur inn í starfið	Labba oftár í bekki, fá fulltrúa úr nemendaráði til þess að hvetja til mætingar, vera með fleiri árgangaopnanir, taka viðtöl og spyrja hvers vegna þau mæta ekki	September 2025 – maí 2026	Forstöðukona og aðstoðar forstöðukona	Telja mætingu reglulega yfir árið	Desember 2025 og mars 2026
Efla 7.bekk í mætingu allt árið	Labba oftár í bekki, búa dagskrána til með þeim öllum en ekki bara þeim sem mæta nú þegar, taka viðtöl og spyrja hvers vegna þau mæta ekki, bjóða upp á dagopnanir ef það hentar þeim	September 2025 – maí 2026	Aðstoðar forstöðukona	Telja mætingu reglulega yfir árið	Desember 2025 og mars 2026

Símenntun


Fræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni.

Símenntun starfsfólks Fönix felur í sér:

- Þátttöku í **fræðsludögum Samfés** og fyrirlestrum tengdum frístundastarfi.
- Reglulegar **fræðslur frístundadeildar Kópavogs**, þar sem fjallað er meðal annars um lýðræði, réttindi barna, fjölmenningu og faglega samskiptatækni.
- Þátttöku í **UNICEF-fræðslu um réttindaskóla**, sem nýtist í samstarfi við Lindaskóla.
- Innanhússhittinga og handleiðslufundi þar sem starfsfólk rýnir í eigið starf og deilir reynslu.

Áhersla er lögð á að öll fræðsla hafi **bein tengsl við daglegt starf** og styrki fagleg vinnubrögð, öryggi og vellíðan starfsfólks og ungmenna.

Fjöldatölur veturinn 2024-2025



Vetrar opnanir hófust 26.ágúst og stóðu til 31.maí. Sumaropnanir voru frá 2.júní til 7.júlí.

Starfsfólk

- Tinna Heimisdóttir – Forstöðukona
- Harpa Rós Guðmundsdóttir – Aðstoðar forstöðukona
- Hinrik Snær Katrínarson – Frístundaleiðbeinandi
- Þórunn Soffía Snæhólm – Frístundaleiðbeinandi
- Kristín Anna Jónsdóttir – Frístundaleiðbeinandi
- Breki Steinn Þorláksson – Frístundaleiðbeinandi